



## Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd

**9. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2 Þórshöfn, þriðjudaginn 24. janúar 2023. Fundur var settur kl. 13:30**

**Mættir voru:** Hildur Stefánsdóttir formaður, Ina Leverköhne og Þorri Friðriksson. Björn S. Lárusson sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði var hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

### Fundargerð:

#### 1. Minnisblað frá Teiknistofu Norðurlands vegna fyrirspurnar „Sniddu“ um veiðihús við Hafralónsá.

Niðurstaða Teiknistofu Norðurlands varðandi erindi Sniddu til nefndarinnar er: *Vegna umfangs fyrirhugaðra framkvæmda leggur Teiknistofa Norðurlands til við sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd Langanesbyggðar að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið og samhliða gerð breyting á aðalskipulagi. Fyrirhugaðar framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við aðal- og deiliskipulagsáætlanir sveitarfélagsins svo hægt verði að gefa út framkvæmda- og byggingarleyfi. Skipulagsferlið felur í sér að óska þarf eftir umsögnum frá umsagnaraðilum, þ.m.t. Vegagerðinni, og vinna fornleifaskráningu.*

Bókun um afgreiðslu: Nefndin felur Teiknistofu Norðurlands í samráði við Sniddu að vinna samkvæmt þeirri niðurstöðu sem sett er fram í álit 4. janúar. Sveitarstjóra falið að tilkynna Sniddu og TsNI um niðurstöðu nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

#### 2. Umsókn um lóðina Langholt 1.b frá Vikari Má Vífilssyni.

Fyrir liggur umsókn frá Vikari Má Vífilssyni um lóðina Langholt 1b.

Bókun nefndarinnar: Ljóst er að laga þarf veg að lóðinni til að gera hana aðgengilega og byggingarhæfa. Ennfremur þarf að finna lausn á vatns og frárennsli frá lóðinni. Þetta yrði gert samhliða úthlutun á lóðinni Langholt 3. Nefndin samþykkir fyrir sitt leiti úthlutunina en felur forstöðumanni Áhaldahúss og sveitarstjóra að leggja fyrir nefndina kostnaðaráætlun vegna undirbúnings fyrir lóðirnar.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir úthlutun lóðarinnar til Vikars Mús Vífilssonar.

Samþykkt samhljóða.



## LANGANESBYGGÐ

### 3. Tillögur frá d.p. smiður vegna útigrillaðstöðu og aðstöðu fyrir hjólabretti ásamt bókun sveitarstjórnar um málið.

Dawid smiður hefur lagt fyrir sveitarfélagið tillögur um uppsetningu grillhúsa á Þórshöfn og gerð hjólabrettagarðs á Bakkafirði. Skipulags- og umhverfisnefnd tók jákvætt í málið og vísaði því til sveitarstjórnar sem bókaði eftirfarandi:

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn þakkar erindið og þann áhuga sem bréfitari sýnir á því að fjölga útivistarmöguleikum í Langanesbyggð. Sveitarstjórn tekur jákvætt í að setja upp a.m.k. 2 grillskúra og vísar erindinu til skipulags- og umhverfisnefndar varðandi staðsetningu. Hvað varðar aðstöðu fyrir hjólabretti felur sveitarstjórn sveitarstjóra að skoða nánari útfærslu á slíkri aðstöðu með það að markmiði að koma henni upp síðar.

Bókun nefndarinnar: Nefndin felur forstöðumanni áhaldahúss og sveitarstjóra að finna heppilega staði á Þórshöfn og Bakkafirði fyrir grillhús.

Samþykkt samhljóða.

### 4. Sorpmóttökustöð – lóðarmál Háholt 4 og 6

Almar Eggertsson hefur í samvinnu við starfsmenn áhaldahúss unnið að útfærslu tillagna um breytingar á sorpmóttökustöð til að koma til móts við hertar kröfur í móttöku og meðferð úrgangs frá sveitarfélaginu. Þeir hafa kynnt sér fyrirkomulag á Vopnafirði og víða.

Almar Eggertsson mætti á fundinn ásamt Hermanni Herbertssyni og Jóni Rúnari Jónssyni og þeir gerðu grein fyrir tillögum sínum.

Bókun nefndarinnar: Skipulagsfulltrúa falið að útbúa mæliblöð fyrir Háholt 4 og 6 ásamt Langholti 1b og 3 og skrá lóðir ásamt því að sameina svo lóðir nr. 4 og 6 sem Háholt 4.

Samþykkt samhljóða

### 5. Önnur mál

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 14:30